

HÁSKÓLI ÍSLANDS

N Á M S H Ó P A R

Vinum saman í hópum og lærum hvert af öðru



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands
Háskólatorgi 3. hæð

Sími 525 4315
Fax: 525 4336
netfang: radgjof@hi.is



Hvað eru námshópar eða study groups eins og þeir kallast á ensku? Hvers vegna ættum við að læra með einhverjum öðrum – fer það ekki út í eitthvað kjaftæði og hreina tímasóun?

NÁMSHÓPI FÆRÐU:

- nýtt sjónarhorn á viðfangsefnið
- dýpri og betri skilning á efninu
- endurgjöf á þínar eigin hugsanir
- tækifæri til þess að kenna öðrum
- þjálfun í að vinna með öðrum

Þegar þú lærir með öðrum skoðar þú viðfangsefni frá fleiri hliðum og ættir því að fá skýrari heildarmynd og dýpri þekkingu á því.

Rannsóknir sýna að nemendum finnst gott að læra af samnemenda sem skilur efnið vel og nemendur læra vel af því að kenna öðrum og tala um námsefnið. Umræða um námsefni og endurgjöf á hugmyndir eru kostir hópinnu og rannsóknir sýna að nemendur sem vinna ekki bara einir heldur líka í hópum bæta þannig einkunnir sínar.

Hópvinna undirbýr einstaklinginn undir þátttöku í atvinnulífinu þar sem oft reynir á færni í að starfa með öðrum.




HVAÐ EINKENNIR GÓÐAN NÁMSHÓP?

Allir:

- taka þátt og leggja sitt af mörkum
- hlusta á þann sem hefur orðið—einn í senn
- eru stundvísir og koma undirbúnir
- gagnrýna og kunna að taka gagnrýni
- eru jákvæðir og taka undir að sameinaðir stöndum vér en sundraðir „föllum“ vér!

Góð gagnrýni er öllum holl—nauðsynlegt er að kunna að taka gagnrýni alveg eins og hrósi.

Rannsóknir sýna að það eru meiri líkur á að nemendum gangi vel í námi ef þeir vinna saman og miðla þekkingu sinni og þiggja á móti frá samnemendum.



Í NÁMSHÓPUM

- höldum við okkur við efnið
 - ef einbeitingarskortur gerir vart við sig í hópnum takið þá á því strax
- hvetjum við hvert annað til þess að styrkja veikar hliðar
- forðumst ómálefnanlega og persónulega gagnrýni
 - ekki sóa tíma í að kvarta yfir námskeiði eða kennurum - stöðvið slíkar umræður strax
- reynum við að efla færni okkar í hópastarfi

Í NÁMSHÓPUM HITTUM VIÐ ANNAÐ FÓLK.....

MEÐ SKÝR SAMEIGINLEG MARKMIÐ UM AÐ NÝTA TÍMANN VEL OG LÆRA SAMAN

EN EKKI

TIL ÞESS AÐ SPJALLA UM DAGINN OG VEGINN

Einn mikilvægur kostur við námshópa er að þar hittum við annað fólk. Við verðum að viðurkenna að nám er oft einmanalegt og við þurfum á félagsskap að halda. Í námshópi sameinum við nám og félagsþörf okkar á einu bretti.

Við verðum að vera meðvituð um til hvers námshópurinn er saman kominn—hann er ekki vettvangur til annarra umræðna en um námið

KOSTIR VIÐ NÁMSHÓPA:

- þeir veita nemendum aðhald í námi
- auka ábyrgðartilfinningu nemenda
- nemendur þora frekar að tjá sig
- stuðningur samnemenda er mikilvægur
- læra þar ef til vill nýja námstækni hver af öðrum

Ef þú ert búinn að skuldbinda þig til þess að taka þátt í starfi með öðrum þar sem allir græða á samvinnunni vilt þú síður láta þitt eftir liggja! Þú veist að aðrir treysta á framlag þitt eins og þú treystir á þeirra.

Stuðningur, skilningur og hvatning samnemenda hjálpar nemendum að sigrast á feimni og þeir sem eiga erfitt með að bera upp spurningar í stórum bekk eða yfir hóp gera það frekar í litlum hópi.

Stuðningur samnemenda getur skipt sköpum ef illa gengur að skilja og vinna úr viðfangsefninu – námi er oft líkt við ferð í rússíbana þar sem við þeysumst upp og niður - þegar við erum uppi leyfum við hópfélögum okkar að njóta þess með okkur og þiggjum svo á móti þegar við erum í lægð.

Við beitum mismunandi aðferðum í námi – þú getur ef til vill lært nýja námstækni af samnemendum í hópnum.

HVERNIG Á AÐ MYNDA NÁMSHÓPA?

- Reyndu að kynnst samnemendum:
 - með því að spjalla fyrir og eftir tíma og í hléum
 - lærðu þar sem aðrir úr námskeiðinu halda sig
 - taktu eftir hverjir eru áhugasamir
 - veldu 2- 4 sem þér líkar við eða
fáðu aðstoð hjá kennara !

Ef þú hefur áhuga á að stofna námshóp þarftu að finna nokkra áhugasama samnemendur. Leggðu þig fram við að kynnst þeim og þegar þú ert búinn að sjá út nokkra einstaklinga sem þér finnst líklegt að þú gætir unnið með kynntu þá hugmyndina fyrir þeim. Þeir þurfa að vera umburðarlyndir og líklegir til þess að geta unnið með öðrum.

Ef þú treystir þér ekki til að nálgast samnemendur þína leitaðu þá stuðnings kennarans og athugaðu hvort hann vilji láta blað ganga þar sem áhugasamir geti skráð sig eða þá að þeir séu vinsamlega bednir um að hinkra eftir tímann.



HVAÐ BER AÐ VARAST?

- Ef umræður snúast ekki lengur um námsefnið spyrjið ykkur þá hvort þetta sé líklegt til þess að koma á PRÓFINU
- Tímasetning funda er mikilvæg — ekki seint á kvöldin!
- Ekki leyfa námshópsfélögum að komast upp með að mæta óundirbúinir!
 - tilgangurinn er EKKI að veita einhverjum fría leiðsögn í námi
- Ákveðið fyrirfram:
 - hvenær eru pásur
 - í hversu langan tíma hópurinn ætlar að vinna



Mikilvægt er að vera meðvitaður um að nýta tímann vel og vera einbeittur. Flestir nemendur segjast vinna illa og láta hugann reika seint á kvöldin.

Ekki líða ábyrgðarleysi! Ef einhver stendur ekki við skuldbindingu sína hvetjið til ábyrgðar.

Virðið tíma hvers annars, ákveðið fyrirfram hversu langt fram á kvöld námshópurinn ætlar að vinna saman.

Takið regluleg hlé frá vinnu en gætið að lengd þeirra ≈ 10 mínútur á hverja klukkustund.

HVERNIG VINNUM VIÐ Í NÁMSHÓPI?

- **Til dæmis með því að:**
 - byrja á að velja hópstjórnanda
 - * alltaf sá sami?
 - bera saman glósur - helstu atriði skoðuð
 - láta glærur frá kennara stýra umfjöllun
 - skipta efni niður á nemendur - margir „litlir sérfræðingar“ í hópnum
 - ræða skipulag næsta fundar
 - * þarf t.d. að fá betri skýringar á efninu frá kennara?

Það er mismunandi eftir námsgreinum hvernig upprifjun er háttað. Í sumum fögum væri gott að hefja hvern námshópstíma á einhverri upprifjun – hver og einn skipuleggur það eftir því hvað við á.

Þegar við berum saman glósur sjáum við ef til vill að aðrir hafa tekið niður einhver mikilvæg atriði sem þú misstir af eða öfugt.

Til þess að spara tíma og óþarfa umræður er hægt að ganga út frá að glærur frá kennara ákveði í hvaða röð námsefnið er rætt.

Ef til vill geta nemendur skipt efninu niður á milli sín og rannsakað vel og útbúið spurningar úr því. Gott er að velja sér eitthvað sem við vitum lítið um og rannsaka efnið í kjölinn.

Það er mismunandi hversu formlegir námshópsfundir eru – sumir útbúa dagskrá og fylgja henni en öðrum hentar betur að ákveða aðeins í grófum dráttum hvernig tímanum er varið.

Ef einhverjum spurningum er enn ósvarað leitar einhver skýringa hjá kennara fyrir hönd hópsins.

HVAÐ Á SVO AÐ GERA?

- Velja saman nemendur í hópinn
 - forðast að „blindur leiði blindan“
- Skiptast á netföngum og símanúmerum
- Útskýra vinnureglur
 - allir verða að undirbúa sig vel
- Velja góðan vinnustað
 - þar sem eru góðir stólar og gott næði, t.d.
 - * tóm kennslustofa
 - * bókasafnið

Í HÍ eru netföng og símanúmer aðgengileg samnemendum en ágætt er að ganga úr skugga um hvort gott sé að hafa aðrar viðbótarupplýsingar.

Ákjósanlegast er ef í hópnum eru nemendur sem eru sterkir á einhverju ákveðnu sviði til þess að hópurinn myndi sterka heild annars er eins og blindur leiði blindan og enginn geti stýrt í rétta átt.

Mikilvægt er að allir í hópnum skilji hvað felst í samvinnunni og leggðu áherslu á að allir þurfi að undirbúa sig og læra fyrir les-hópsfund.

Ekki velja hávaðasöm alrými sem vinnustað - oft þarf lítið til þess að dreifa athyglinni frá því sem þarf að gera - þrátt fyrir góðan ásetning! Það er til dæmis hægt að bóka lesherbergi á bókasafninu.